

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um húsnæðismál ráðuneyta og Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.

1. Hvernig sundurgreinast þær 107,2 millj. kr. (fjárlagaliður 09-980) og 676 millj. kr. (fjárlagaliður 09-984) sem áætlaðar eru sem sértekjur af fasteignum ríkissjóðs samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001? Hve stór hluti sérteknanna eru leigugreiðslur frá ráðuneytum og hvernig skiptast greiðslurnar milli ráðuneyta? Við hvaða verð á fermetra er miðað?

Þær sértekjur sem eru í fjárlagalið 09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól eru þjónustugreiðslur frá ráðuneytum og stofnunum. Fermetragjaldið er 960 kr. á mánuði og fara greiðslur eftir stærð viðkomandi ráðuneyta eða stofnana, sbr. eftirfarandi yfirlit yfir húsnæði Stjórnarráðs Íslands. Leigugreiðslur fara til greiðslu opinberra gjalda af byggingunum, rafmagns og hita, ræstingar og ræstingarvara, hús- og öryggisvörslu, viðhalds og endurbóta, og reksturs mótuneytis. Hér á eftir er einnig sundurgreining á fjárlagalið 09-984 Fasteignir ríkissjóðs. Tvö ráðuneyti greiða leigu af eigin húsnæði til stofnunarinnar en það eru heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Fermetragjald Fasteigna ríkissjóðs á næsta ári er áætlað 197,76 kr. fyrir geymsluhúsnæði og 367,95 fyrir skrifstofuhúsnæði.

Húsnæði ráðuneyta Stjórnarráðs Íslands, desember 2000.

Húsnæði í eigu ríkissjóðs	
Forsætisráðuneyti við Lækjartorg	406,9 m ²
Fjármálaráðuneyti Arnarhváli	1.299,0 m ²
Fjármálaráðuneyti Sölvhóli	250,0 m ²
Fjármálaráðuneyti Sölvhólsgötu 7	495,0 m ²
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti Arnarhváli	629,0 m ²
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti Arnarhváli	935,0 m ²
Menntamálaráðuneyti Sölvhóli	2.637,0 m ²
Landbúnaðarráðuneyti Sölvhólsgötu 7	676,0 m ²
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Laugavegi 116	819,0 m ²
Utanríkisráðuneyti Rauðarárstíg 25	2.819,0 m ²
Hagstofa Íslands Skuggasundi 3	1.470,0 m ²
Hagstofa Íslands Lindargötu 9	361,0 m ²
<i>Samtals</i>	<i>12.796,9 m²</i>

Leiguhúsnæði ráðuneyta

Forsætisráðuneyti Hverfisgötu 4–6	627,0 m ²
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti Hverfisgötu 4a	68,4 m ²
Félagsmálaráðuneyti Hafnarhúsi	858,4 m ²
Samgönguráðuneyti Hafnarhúsi	845,0 m ²
Sjávarútvegsráðuneyti Skúlagötu 6	600,0 m ²
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Laugavegi 103 og 116	312,0 m ²
Umhverfissráðuneyti Vonarstræti 4	640,0 m ²
Umhverfissráðuneyti Lækjargötu 12	351,0 m ²
<i>Samtals</i>	<i>4.301,8 m²</i>
Húsnæði ráðuneyta alls	17.098,7 m²

**Greining á áætluðum sértekjum Fasteigna ríkissjóðs
og ráðstöfun þeirra, fjárlög 2001, millj. kr.**

Stofnanir heyra til neðangreindra ráðuneyta	Uppruni	Ráðstöfun					Útgjöld samtals
	Sértekjur Fasteigna ríkissjóðs	Fasteigna- gjöld og bruna- tryggingar	Húsa- leiga	Umsjón	Rekstur samtals	Viðhald	
0 Alþingi	6,8	2,1		0,6	2,7	4,1	6,8
1 Forsætisráðuneyti Aðalstræti 6	2,1		2,1		2,1		2,1
2 Menntamálaráðuneyti	35,6	10,8		3,2	14,0	21,6	35,6
Framhaldsskólar	103,7	15,0			15,0	88,7	103,7
LÍN	15,2		15,2		15,2		15,2
3 Utanríkisráðuneyti	10,5	3,2		1,0	4,2	6,4	10,5
5 Sjávarútvegsráðuneyti	2,4	0,7		0,2	0,9	1,4	2,4
6 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	169,7	51,6		15,3	66,9	102,8	169,7
7 Félagsmálaráðuneyti	10,6	3,2		1,0	4,2	6,4	10,6
Sáttasemjari	15,4		15,4		15,4		15,4
Barnaverndarstofa	7,2		7,2		7,2		7,2
Íbúðalánasjóður	38,1		38,1		38,1		38,1
8 Heilbrigðis- og tryggingamálar.	21,2	6,4		1,9	8,3	12,8	21,2
9 Fjármálaráðuneyti	92,6	28,2		8,4	36,5	56,1	92,6
FMR	19,1		19,1		19,1		19,1
Yfirskattanevnd	12,1		12,1		12,1		12,1
10 Samgönguráðuneyti							
Hringbraut 121	8,1		8,1		8,1		8,1
11 Iðnaðarráðuneyti	25,5	7,7		2,3	10,0	15,4	25,5
Lögildingarstofa	19,6		19,6		19,6		19,6
12 Viðskiptaráðuneyti	6,2	1,9		0,6	2,4	3,7	6,2
14 Umhverfissráðuneyti	16,6	5,1		1,5	6,6	10,1	16,6
<i>Vegna ríkisstofnana/ráðuneyta</i>	<i>638,4</i>	<i>135,9</i>	<i>136,9</i>	<i>35,9</i>	<i>308,7</i>	<i>329,7</i>	<i>638,4</i>
Leigt öðrum en ríkisstofnunum:							
Hringbraut 121	1,5		1,5		1,5		1,5
Borgartún 6	18,9	2,0			2,0	16,9	18,9
Kolaportið	16,7	1,8			1,8	14,9	16,7
<i>Vegna annarra</i>	<i>37,1</i>	<i>3,8</i>			<i>3,8</i>	<i>33,3</i>	<i>37,1</i>
Alls	675,5	139,7	138,4	35,9	314,0	361,5	6.755,0

2. *Hver tekur ákvörðun um ráðstöfun fjár til rekstrar, viðhalds og stofnkostnaðar samkvæmt fjárlagaliðnum 09-980 (Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól), 09-981 (Ýmsar fasteignir ríkissjóðs) og 09-984 (Fasteignir ríkissjóðs), samtals 1.063 millj. kr.?*

Stjórn rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga gerir í upphafi hvers árs áætlun um almennan rekstur og framkvæmdir og þjónustugjöld ársins vegna fjárlagaliðar 09-980 *Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól*. Ákvörðun um ráðstöfun fjár á fjárlagalið 09-981 *Ýmsar fasteignir ríkissjóðs* hefur verið tekin af Alþingi, enda er þar um skilgreind verkefni að ræða, þ.e. að koma húsnæðismálum ráðuneyta í betra horf með uppbyggingu og endurnýjun húsnæðis á Sölvhólsgötu 11 og 13, sem er í eigu ríkisins. Ákvörðunarvald um framkvæmdir innan þess ramma sem settur hefur verið af Alþingi er hjá forsætisráðuneytinu. Varðandi fjárlagalið 09-984 *Fasteignir ríkissjóðs* þá tekur stofnunin ekki ákvarðanir um stofnkostnað. Það er gert af viðkomandi fagráðuneyti eða eftir atvikum af viðkomandi stofnun í samræmi við heimildir fjárlaga. Rekstrargjöld eru fyrst og fremst fasteignagjöld og brunatryggingar. Ráðstöfun viðhaldsfjár fer þannig fram að stofnanir/notendur senda árlega ábendingar til Fasteigna ríkissjóðs um nauðsynlegt viðhald eða endurbætur á húsnæði. Fasteignir ríkissjóðs leggja jafnframt sjálfstætt mat á viðhaldspörf húsnæðis og raða verkefnum í forgangsröð. Reynt er að halda jöfnuði tekna og gjalda innan hvers ráðuneytis þótt tekjum sé ráðstafað til viðhalds milli einstakra eigna.

3. *Hvernig er háttað starfsemi „Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga við Arnarhól“? Hverjir sitja í stjórn félagsins og hvernig eru þeir valdir?*

Aðilar að Rekstrarfélagi stjórnarráðsbygginga við Arnarhól eru menntamálaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Ríkisbókhald, Ríkisfjárhirsla, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Einkaleyfastofan og Hagstofa Íslands. Félagið rekur húsnæði þessara ráðuneyta og stofnana ásamt því að reka staðarnet Stjórnarráðsins og sinna tölvunotendapjónustu fyrir nokkur ráðuneyti. Í stjórn félagsins sitja nú fulltrúar frá öllum framantöldum aðilum nema Ríkisfjárhirslu og Einkaleyfastofu. Ráðuneytin tilnefna fulltrúa sinn í stjórn félagsins.

4. *Hvernig er ætlað að verja þeim 208 millj. kr. sem samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2001 verður varið „til að koma húsnæðismálum ráðuneyta Stjórnarráðsins í betra horf“, sbr. skýringar á fjárlagalið 09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs?*

Að undanfögnu hefur verið unnið að gerð deiliskipulags fyrir stjórnarráðsreitinn. Reiturinn afmarkast af Ingólfsstræti, Klapparstíg, Skúlagötu og Lindargötu. Áformað er að skipulagið verði afgreitt í umhverfis- og skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar á næstunni. Ákveðið er að á reitnum verði í framtíðinni aðsetur allra ráðuneyta annarra en forsætisráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins en þau verða til húsa þar sem þau eru nú. Þegar deiliskipulag liggur fyrir verður verður hafist handa við gerð langtímaáætlunar um uppbyggingu á reitnum. Fyrirsjáanlegt er að fljótlega þurfi að bæta úr húsnæðismálum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og umhverfisráðuneytisins. Heilbrigðisráðuneytið býr nú við óviðunandi aðstöðu vegna þrengsla og verður að finna lausn á því. Fjárveitingin sem óskað er eftir í frumvarpi til fjárlaga 2001 mun m.a. fara í að koma þessum ráðuneytum fyrir. Einnig þarf að huga að viðbyggingu austan við Arnarhól, sem nýttast mun dóms- og kirkjumálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

5. *Hvaða húsrými, í fermetrum talið, hafa aðalskrifstofur ráðuneytanna til ráðstöfunar í árslok 2000, eigið húsnæði annars vegar og leiguhúsnæði hins vegar? Eru uppi áform um stækkun á húsnæði ráðuneytanna og þá hvaða ráðuneyta? Hver er kostnaður við þá stækkun á fermetra og hve mikil er hún?*

Hér að framan er listi yfir eigið húsnæði annars vegar og leiguhúsnæði hins vegar sem aðalskrifstofur ráðuneytanna hafa yfir að ráða. Eins og fram hefur komið þarf að bæta úr húsnæðismálum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis, ásamt því að huga að viðbyggingu við Arnarhvál, sem nýtast mun dóms- og kirkjumálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Ekki er ljóst hver kostnaður á fermetra verður, enda liggur hönnun ekki fyrir og ekki hefur verið tekin ákvörðun um stækkun húsnæðis einstakra ráðuneyta. Þó má reikna með að heildarkostnaður á fermetra, hvort sem um er að ræða kaup á gömlu húsnæði og endurnýjun á því eða byggingu nýs, sé um 150–180 þús. kr. á fermetra. Eins og fram kemur í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið er áætlað að heildarkostnaður við fyrsta áfanga þessara breytinga geti orðið nálægt 300 millj. kr.